

**Ed.**

## **126. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu skólahús, fundahús og þinghús í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu öll skólahús, fundahús og þinghús í sveitum til þess, ef þörf gerist, að gera þessi hús að dvalarstöðum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.

2. gr.

Ef samkomulag næst ekki við hlutaðeigendur um leigu á húsum þeim, er um ræðir í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka húsin leigunámi. Um framkvæmd leigunáms samkvæmt þessari grein skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Þar sem hugsanlegt er, að til átaka kunnir að koma hér á landi, einkum í kaupstöðum og kauptúnum, milli hernaðaraðila í stórveldastyrjöldinni, þá telur ríkisstjórnin nauðsynlegt, að henni sé veitt heimild í lögum til þess að taka á leigu hús þau, er í frumvarpinu greinir, með eða án samþykkis eigenda eða forráðamanna þessara húsa, til þess, ef nauðsyn krefur, að gera þau að dvalarstöðum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum.